

Meðal efnis:

Sinnuleysi myndlistarmanna - Listasafn Reykjanesbæjar
NordArt 2010 - Útilistaverk - Hafnargötur - Hringtorg



Listamaðurinn



Vísnavinir



Nokkrar staðreyndir um kirkjua í Höfnum

Texti: Leó M. Jónsson



Á 19. öld var Kotvogur í Höfnum eitt stærsta býli landsins. Þar bjuggu m.a. 3 forríkir útvegsbændur mann fram af manni, þeir hétu allir Ketill og eru oftast nefndir Katlarnir þrír. Annað stórbýli var Kirkjuvogur í Höfnum þar sem búið hafa margir höfðingjar.

Vilhjálmur Kr. Hákonarson reisti þá kirkju sem nú stendur í Höfnum. Hún er úr timbri og var vígð árið 1861. Vilhjálmur lést 10 árum seinna 59 ára að aldri. Ekkert er eftir af Kirkjuvogsbænum en kirkjan stendur nánast á bæjarhlaðinu enda nefnist hún Kirkjuvogskirkja og sóknin Kirkjuvogssókn.

Ketill Ketilsson (1823-1902) dannebrogismaður og útvegsbóndi í Kotvogi, stundum nefndur Mið-Ketill vegna þess að hann tók við búi af föður sínum og Ketill sonur hans tók svo við búi af honum, hefur ekki viljað vera minni maður en Vilhjálmur í Kirkjuvogi og byggði kirkju úr timbri á Hvalsnesi í Miðneshreppi, en þá jörð átti hann. Kirkjuna lét hann síðar rífa og byggja aðra stærri og íburðarmeiri úr tilhöggnu grjóti. Sú kirkja var vígð 1887 og stendur enn.

Lesi má mjög góða grein um Hafnir á slóðinni:

<http://www.leoemm.com/hafnahreppur.htm>


Ljósmynd af kirkjunni: Jón Orri Leósson

Troðningur vill vita !

Er Reykjanes það sama og Suðurnes ?

Fengið af vísindavefnum.

Höfundur, Svavar Sigmundsson fyrrv. forstöðumaður Örnefnastofnunar



Svar: Áður fyrr var skýr munur á Reykjanesi og Suðurnesjum. Árni Magnússon handritasafnari gerir grein fyrir þessu í riti sínu *Chorographica Islandica*. Hann segir um Reykjanes:

Fyrir vestan Grindavík, milli hennar og Hafna, er Reykjanes, hraunvaxið land og brunnið og graslaust að fráteknu Grasfelli (so heitir eitt fell mitt á nesinu), sem grasgróið er og óskýrt hver eigi. (48)

Á eftir skrá um hvalskipti Rosthvelinga, sem Árni birtir í ritinu, segir hann um Suðurnes:

Hér af kann að sjást, að Rosthvalanes er á milli Keflavíkur og Hafnavogs, það sem menn nú kalla Suðurnes eða *distinctius* (þ.e. nánar tiltekið): Hólmsleiru, Garð, Miðnes, Stafnes. (57)

Í sóknalýsingu sr. Sigurðar B. Sívertsens um Útskálaprestakall sem náði yfir Útskála-, Hvalsness- og Kirkjuvogssóknir árið 1839, segir hann:

Úr fjarlægum plátsum eru þessar sóknir kallaðar Suðurnes, til aðgreiningar við Innnes, n.l. Seltjarnar- og Álftanes. Eiginlega heitir samt ekki annað Suðurnes en Hvalsnessókn, allt frá því nesinu fer að veita til suðurs frá fyrnefndum Skaga, sem vestast liggur af landinu. (72)

Hann notar nafnið síðan í eintölu, Suðurnesið (81).

Í ritinu *Landið þitt – Ísland* telja þeir Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson að nafnið Suðurnes sé upphaflega komið frá vermönnum, helst Norðlendingum, og hafi verið notað um Rosmhvalanes, Álftanes og Seltjarnarnes til aðgreiningar frá Akranesi og Kjalarnesi. Þeir segja einnig að talið sé að Þorvaldur Thoroddsen hafi fyrstur nefnt svæðið suðvestan Hafnarfjarðar Reykjanesskaga.

Á fyrri hluta 20. aldar taldist nafnið Suðurnes ná frá Vatnsleysuströnd að Garðskaga og þaðan alla leið til Krísvíkur. Síðan hefur þessi notkun fest sig í sessi.

Það má því segja að fyrr á tímum hafi verið gerður skýr greinarmunur á Reykjanesi og Suðurnesjum þar sem það fyrnefnda var “hællinn” á skaganum en það síðarnefnda “táin”, en í dag sé nokkurn veginn um sama svæði að ræða.

Sundurleiti listamanna.

Grein, Guðmundur R Lúðvíksson.

Ég hef verið starfandi myndlistamaður frá því að ég lauk námi, eða í hartnær 20 ár. Þeir sem sáu sjónvarpsþáttinn um Svavar Guðnason, myndlitarmann hafa eflaust veitt því athygli að hann var lengi vel í samvinnu og í vinalóp margra annara listamanna. Þeir sýndu saman, ræddu og þrösuðu um myndlist, fóru á söfn og sýningar hjá öðrum og létu sig myndlist síns tíma varða sig og tóku þátt í hræringum samtímans. Nú virðast vera aðrir tímar og önnur áhersla. Nú talast helst myndlistarmenn ekki saman, hokra hver í sínu horni, baktala hvorn annan og gera lítið úr því sem aðrir eru að fást við. Hver og einn reynir að ota sínum tota og gera sem mest úr sjálfum sér og gleyma þar af leiðandi kjarnanum - myndlistinni sjálfri. Æði almennt innan geirans er að flokka sjálfan sig með einhverjum hópi sérhagsmuna og hægt væri hér að nefna nokkrar “þekktar klíkur” sem myndast hafa á síðustu árum. Góðárin frægu voru kjarnafóður fyrir þesskonar hópa. Sama virðist hafa gerst um flest söfnin. Þar hafa hreiðrað um sig spegúlantar og sérfræðingar sem ekki virðast með nokkru móti hafa getað myndað tengsl við listamenn.

Um Listasafn Reykjanesbæjar.

Listasafn Reykjanesbæjar varð til við sameiningu sveitarfélaganna þriggja Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna árið 1994 en áður hafði verið til Listasafn Keflavíkur.

Safneignin er nú orðin 560 verk eftir hina ýmsu listamenn og eru þessi verk til sýnis í hinum ýmsu stofnunum bæjarins.

Listasafnið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir sýningum víðs vegar um bæinn en síðast var haldin sýning á völdum verkum úr listaverkæigninni sumarið 2000. Það var ekki fyrr en haustið 2002 sem safnið fékk góðan sýningarsal í Duushúsum til afnota og hefur það breytt miklu um sýningarhald. Þar eru nú haldnar sýningar allt árið um kring, bæði á verkum í eigu safnsins og annarra.

Bátasafnið er einnig í Duushúsum sem og sýning á munum er tengjast hersetunni við Keflavík. Einnig er þar salur sem gengur undir nafninu “ Bíosalurinn” og er hann notaður undir fundi, tónleika og minni sýningar

Frítt er í allt safnið.

Listasafn Reykjanesbæjar / Reykjanes Art Museum, Tjarnargata 12, 230 Reykjanesbær, Sími / Tel. +354-421-6700 / Fax +354-421-4667/Sýningarsalur í Duushúsum, Duusgötu 2-8, Reykjanesbæ / sími +354 421 3796

listasafn@reykjanesbaer.is www.listasafn.reykjanesbaer.is



Meðal efnis í næsta blaði:

Spinnerei: *Kynning á einni stærstu spunaverksmiðju í evrópu sem breitt var í glæsileg listamanna hvefi í Þýskalandi.*

Um frumlega byggingaraðferð á húsum úr náttúrulegum efnum.

Ljóðaþáttur

Dægurmál um myndlist

Hverjir eiga Listasöfnin ? Grein um framgang safna og hvernig listaverkakaup eiga sér stað ?

Sýningar í janúar 2010

Fróðleikur

Spáð í listina árið 2010

Hringtorg vetfangur listamanna.

Á sama tíma og Grindvíkingar huga að sínum heimalistamönnum myndarlega og skapa þeim vetfang til að dafna og sinna sinni list með því að veita tækifæri til að gera verk á hringtorg bæjarins, er stærsta sveitafélagið með kiverkst fjöldaframlétt rusl á sínum torgum. Má þar nefna svonefndan símaklefa (sem ekki einu sinni er í réttri stærð) og svo þegar kínverska jólatréð var sett upp á síðustu Ljósanótt rétt við Listasafnið sjálft ! Á myndinni er Linda Oddsdóttir, listakona úr Grindavík við verkið sitt “ Orka “ sem er á hringtorgi við innkeyrsluna í Grindavík.



Útilistaverkið:

Fyrsta útilistaverkið sem Troðningur sýnir hér er “ Fuglaþúfan “. Það er staðsett í Njarðvík rétt áður en komið er að Grænás. Efniviður: Fuglaþúfa og tréútskurður. Það var reist í september 2009 ásamt 10 öðrum svipuðum á fuglaþúfur við Keflavíkurbrautina frá Innri Njarðvík að Kúgerði.



NordArt 2010

Troðningur ætlar hér að segja frá all athyglisverðu alþjóðlegu verkefni sem fram fer í Budelsdorf í Þýskalandi. Ár hvert frá júní og fram í október er haldin gríðarmikil listaveisla í glæsilegu umhverfi og í risa stórum skálum. Sýning þessi er alþjóðleg og eru listamenn sérstaklega valdir frá mörgum löndum. En auðvitað eru þýskir myndlistamenn áberandi í þessum hópi. Hér gilda engar stefnur og straumar og valið helgast fyrst og fremst af gæðum verkanna innan myndlistarinnar. Þarna eru skúlptúrar, málverk, innsetningar, grafík verk, teikningar, hljóðverk, vídeó verk, gjörningar, tölvuverk og í raun allt sem á einhvern hátt tengja má myndlist. Gríðalega vel er farið yfir öll innsend verk og koma þar margir að við val á þeim. Tug þúsundir heimsækja sýninguna og fullyrða má að þetta er mikil lyftistöng fyrir all viðskiptalíf í bænum á meðan á sýningunni stendur.

Eins og sjá má á myndunum frá NordArt sem haldin var 2008 er hér um glæsilegar sýningar að ræða. Þetta verkefni er mjög mikilvægt fyrir alla listamenn - gamla og unga. Þarna gefst þeim tækifæri á að hitta aðra starfandi myndlistamenn, sýna sitt besta og upplifa fjölbreytileikan í myndlist.

Undirritaður hefur tvívegis heimsótt svona sýningu í Þýskalandi. Annað skiptið í Dusseldorf og hina á þessum stað. Svona sýning er ógleymanlegar og algjör fjársjóður fyrir myndlistafólkið sjálft til að hlaða upp batteríun til áframhaldandi verkefna í listinni.

Verkefni eins og þetta er nánast útilokað að gera hér á landi. Undirritaður stóð fyrir alþjóðlegri sýningu 2007 í anda NordArt. Regluverkið hér er svo "klikkað" ef við getum orðað það þannig, að það er ekki leggandi á nokkurn mann að gera neitt í líkingu við NordArt eða ZigZag. Greiða þarf allskonar gjöld fyrir verkin, tryggingar, fylla út endalaus pappíra og eltast við stimpla hér og þar. Ég hef tekið þátt í nokkrum sýningum erlendis, þ.m.t í Rússlandi, Búlgaríu, Þýskalandi, Englandi og víðar og aldrei lent í því líku veseni og Íslenskt kerfi býður upp á.

Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður



Ute Lechner + Hans Thurner (Germany)



Carolina Trossello Pini: Chen Qingang (China)



Zeno Gebau (Germany), Klaus Effen (Germany)




Alina Panait (Poland), Marc Bettner (Germany)



Birkelohr, Hans Schick (Germany), rechts: Eva Hoff (Germany)




Yao Juehang (China), Karl Oppmann (Germany), Ben Kong (China)



Nord Art 08

Two Schweibenberg (Germany)



Ute Lechner + Hans Thurner (Germany)



Henna Olan Korpinen (Finland)



Bertram Schickel (Germany), Klaus Effen (Germany)



Sara Wata Kawaga (Finland)



Olaf Nicolai (Norway)



Fazal Mehmood (Switzerland)



Fazal Mehmood (Switzerland)



Susanne Meisner (Germany)



Rashed Olaye Alabirin (Nigeria)

Um NordArt í Þýskalandi



Jo Kley, orsten Diekmann, Ben Siebenrock (Germany)



Jörg Plickat (Germany)

Glæsilegur garður er við sýningasvæðið og er hann notaður fyrir skúlptúra.

Daníel Hjörtur Sigmundsson

Listamaður mánaðarins.

Daníel H Sigmundsson er fæddur 1967 í Grundarfirði en býr í Keflavík. Hann flutti frá Grundarfirði 16 ára gamall til Reykjavíkur. Hann vinnur með tré að mestu. Rekaviður hefur verið þar megin efniviðurinn.

Daníel hefur haldið nokkrar sýningar og tekið þátt í samsýningum. Síðast sýndi Daníel verk sín í Leipzig í Þýskalandi. Um þessar mundir vinnur hann að figúratífum verkum - eða "verum" eins og hann kys að kalla þau. Ætlunin er að sýna þau í Reykjavík 2010 þegar þau verða tilbúinn.

Vinnustofan hans er við Svarta Pakkhúsið í Keflavík

Sjá má myndir af verkum eftir Daníel á heimasíðu hans sem er: <http://heggur.com>



Frasar í listaheiminum:

Hér eru nokkrar setningar teknar frá myndlistarfólki, listrýnum eða fræðingum.

Troðningur leyfir svo lesendum að komast til botns í þessum setningum.

“Er listamaðurinn að máta listina saman við dapran raunveruleika stórborgarinnar? Er hún að prófa þanþol listarinnar með því að smætta umhverfi útgangsmannsins niður í einföld hughrif lita og uppröðunar - hið sanna eðli myndmiðilsins?”

“Þetta er afar vel mótaður og lifandi gjörningur, fjarri þó einungis fyrir frásagnarlega þáttinn, enn síður að rýnirinn telst áróðursmaður sérgildra sem hlutvaktra myndefna er skara land og sögu. Heldur einfaldlega vegna verklagsins og útfærslunnar í heild sinni.”

“Verkið sem um ræðir snerist um að Hlynur opnaði glugga. “Þetta var svo auðvelt að allir segja: “þetta hefði ég nú getað gert”, þegar þeir sjá það. Það er reyndar svo einfalt að fólk segir ekki einu sinni þetta heldur spyr bara forviða: “hvað er nú þetta?”

“Jahá - það er nefnilega það! Svona er nú þöblikid vitlaust. ! Ef það hefði ekki séð listamanninn opna glugga væri engin búinn að uppgötva að það væri yfir höfuð hægt og allir gluggar því lokaðir. Þökk sé fyrir djúphugsandi listinni. “Troðningur með athugasemd.

“Hér á Einar auðvitað heima ef við ætlum á annað borð að stedsætja hann í tækni og tíma.”

“X er í fremstu röð listamanna hér á landi og verk hennar hafa hlotið verðskuldaða athygli víða um heim. “

“Ég myndi nú ekki segja að það hafi verið af neinni alvöru en ég málaði eitthvað og fór á einhver námskeið í módelteikningu og svoleiðis. Annars myndi ég segja að bestu verkin mín séu frá því ég var krakki því krakkar eru svo frjálsir í huganum og koma hugmyndunum bara beint frá sér.“

Hafnargötur á Íslandi



Í flestum bæjum á Íslandi sem liggja að sjó er til gata sem ber nafnið Hafnargata. **Troðningur** valdi hér tvær myndir úr miklu Hafnargötusafni sínu. Myndin t.v er úr Vogunum og tekin um 1964 en t.h frá Eskifirði og tekin af óánægðum bæjarbúa þar í bæ með Hafnargötuna í bænum.



Frh: **Sundurleiti listamanna.**




Og þá er maður ekki að tala um vinin og þá nánustu sem viðkomendur umgangast dags daglega. Sérstaklega má sjá þetta í umfjöllun um myndlist, svo fátækleg sem hún nú er. Hvort sem það er í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi. En það síðastnefnda er hvað allra slakast á þessum veffangi þótt í raun það sé sterkasti sjónmiðillinn. Hinir svokölluðu frjálsu miðlar hafa í þessum efnum sýnt sannað svo rækilega að þennan veffang, þ.a.e.s myndlist, hafa þeir engan áhuga á, og sennilega ekki burði heldur til þess. Til langs tíma var Morgunblaðið lang öflugasti miðillinn sem fjallaði oft á tíðum frábærlega vel um hræringar innan myndlistarinnar. Var Bragi Ásgeirsson þar fremstur skrifarinn. Margar snildar greinar voru einnig í Lesbók blaðsins. Sama mætti segja um sjónvarpið um tíma. Eftir að Kastljósið hóf göngu sína (á síðustu öld), hrakaði, eða frekar ætti að segja, dó öll umfjöllun um myndlist og leikhúsið náði algjörum yfirráðum með slettum af innslagi af tónlist. Ef einhver þáttur hjá sjónvarpinu sem kalla mætti í menningarlegum tengslum þá má segja um þann þátt, Kastljós, að hann sé sá þáttur sem einkavinavæðingin hefur fest rætur sínar kirfilega. En segja má að allt þetta máttleysi myndlistarinnar komi beint frá myndlistarfólkinu sjálfu. Það er svo hrætt við að stugga við og verða sett út í kuldan. Af og til heyrst þó veikburða óp frá einum og einum, en þá stökkva hinir í skjól og gægjast út um gardínurifu á eldhúsglugganum heima hjá sér. Það gæti nefnilega dottið brauðmoli fyrir framan húsið þeirra, eða komið með póstinum í dag eða á morgun.

VÍSNAVINIR Á SUDURNESJUM KYNNA VÍSNAVINAKVÖLD Á REYKJANESI.



Halli Reynis
verður aðal gestur fyrsta
kvöldsins á Ránni
14. janúar.
Öll kvöldin hefjast kl. 20.00
Aðgangseyrir kr. 500.-



Öllum velkomið að koma fram.
Aðeins frumsamið efni ;
Lag eða ljóð/texti
Munið að skrá ykkur á
heimasíðu vísnavina.
www.1og8.com

REYKJANESBÆ
14. JANÚAR Á RÁNNI

GRINDAVÍK
4. FEBRÚAR
Í SALTFIKSETRINU

GARÐI
4. MARS Í FLÖSINNI

VOGUM
8. APRÍL
(AUGLÝST SÍÐAR)

SANGERÐI
6. MAÍ Í VITANUM

HÖFNUM
3. JÚNÍ
(AUGLÝST SÍÐAR)

Troðningur er lítið einka tímarit í pdf útgáfu. Því er ætlað að skapa hressandi umræðu, þras og skammir um allt sem því helst kemur ekkert við. Troðningur mun því fara troðnar slóðir og feta í spor hins rótgróna íslendinga, að láta sér varða allt á milli himins og jarðar hvort sem hann hefur nokkurt vit á því eða hvort honum yfirleitt komi það nokkuð við. Troðningur mun því hafa sjálfstæða skoðun, svona eins og bankarnir, seðlabankinn og flokkarnir. Ismum eða fræðingum, verður gefið langt nef. Troðningur er líka vetvangur fyrir aðra sem láta sér varða myndlist og menningu og er öllum frjálst að senda línur. Frekar er hvatt til þess að allt skapandi fólk láti í sér heyra og hafi skoðanir á öllu sem hér verður birt.

Troðningur mun koma út einu sinni í mánuði og er dreift frítt til þeirra sem vilja fá það og líka til hinna sem vita ekki af þésum og fá sent óumbeðið.

Lesendur eru líka hvattir til að senda inn myndir sem þeir telja að eigi erindi hér.

Einnig eru allir Reykjanesbúar sem hafa sína eigin heimasíðu á netinu (ekki facebook) hvattir til að senda okkur linkinn inn á þær. E-mail: 5775750@isl.is

Næsta tímarit kemur út í janúar 2010